



6. bekkur

Íslenska

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir

Kennarar: Sara Helgadóttir og Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Lestrarbækur við hæfi hvers og eins. Ritunarbókin; *Lasse Ekholm*. Mál í mótun; *Kolbrún Sigurðardóttir og Þóra Kristinsdóttir*. Skræða 1 og 2; *Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason*. Málrækt 2, *Guðmundur B. Kristmundsson, Rósa Björk Þorbjarnardóttir og Þóra Kristinsdóttir*. Ljósrituð bókmenntaverkefni af Skólavefnum. Lífið í Ásgarði; *Iðunn Steinsdóttir*. Söguskinna, *Edda Pétursdóttir og Þórdís Gísladóttir*, Orðspor 1 og 2, *Ása Marín Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir*. Benjamín dúfa; *Friðrik Erlingsson*. Ljósrituð verkefni.

Kennsluaðferðir

Íslenskan er kennd sem heildstæð námsgrein og gjarnan samþætt við aðrar námsgreinar. Stafsetning og málfræði tvinnast inn í ritaðan texta nemenda. Eins er lögð mikil áhersla á yndislestur, bæði heima og í skóla. Nemendur hafa aðgang að bókasafni. Nemendur lesa a.m.k. þrisvar sinnum í viku í skólanum og fimm sinnum í viku heima. Einnig lesa þeir upphátt fyrir kennara. Þá er samlestur í öðrum námsgreinum og ýmis lesskilningsverkefni.

Í ritun vinna nemendur valin verkefni t.d. lýsingar, úrdrætti og sögur. Nemendur vinna skrifleg verkefni í stafsetningu eftir upplestri sem og í vinnubókum.

Í framsögn æfa nemendur sig að koma fram fyrir framan bekkinn. Þeir lesa texta, segja frá atburðum, flytja ljóð og margt fleira. Nemendur fá leiðsögn hvernig á að bera sig að í pontu t.d. varðandi líkamsstöðu, raddbeitingu og réttar áherslur.

Nemendur læra helstu málfræðireglur og vinna verkefni tengd þeim.

Fjallað er um íslensk ljóðskáld í máli og myndum. Nemendur skrifa upp valin ljóð og myndskreyta.



Spjaldtölvur nýttar í kennslu á ýmsa vegu. Má þar nefna vefi eins og mms.is, arnastofnun.is, skolavefurinn.is., stodkennarinn.is. Einnig nýtum við ritvinnsluforrit (Pages), Book Creator, Photoshop Mix og Spark Video svo eitthvað sé nefnt.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið. Nemandinn:
<p><u>Talað mál, hlustun og áhorf</u> Framsögn, upplestur, flutningur, hlustun, skýr framsetning, leiklestur, bekkjarfundir</p> <p><u>Lestur og bókmenntir</u> Yndislestur, víxllestur, lesskilningsverkefni, lestrarbækur, goðafræði, ljóð, ljóðagerð, orðabókaleit og notkun miðla</p> <p><u>Ritun</u></p>	<ul style="list-style-type: none">• þjálfist í að tjá sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum, reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu ef einhver vandamál koma upp og geti rökstutt hana• þjálfist í að flytja undirbúna eigin frásagnir, verkefni og lýsa ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi• þjálfist í að tjá skoðanir sínar fyrir framan bekkinn• þjálfist í að hlusta á upplestur og skoðanir bekkjarfélaga• öðlist góðan lesskilning, nái upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi• geti lesið áheyrilega og með tilfinningu fyrir efninu,• geti lesið ólík fyrirmæli og farið eftir þeim• þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri og geti greint aðalatriði frá aukaatriðum• æfist í að velja sér bækur af bókasafni• þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda sem skrifað hafa bækur fyrir börn og unglina• þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok



<p>Sögugæði (upphaf, miðja, endir) og úrdrættir.</p> <p>Helstu stafsetningarreglur (stafrófsröð, sérhljóðar og samhljóðar, stór stafur og lítill stafur, reglan um ng og nk, n-nn í endingu orða, einfaldur og tvöfaldur samhljóði, y-ý orð, hv-eða kv-, samsett orð).</p> <p>Skrift</p> <p><u>Málfræði</u></p> <p>Nafnorð (sérnöfn, samnöfn, kyn, tala, fallbeyging, greinir og stofn, samsett orð)</p> <p>Lýsingarorð (fallbeyging, stigbreyting)</p> <p>Sagnorð (nafnháttur, nútíð, þátíð)</p> <p>Samheiti, andheiti</p> <p>Málshættir og orðatiltök</p>	<ul style="list-style-type: none">• kynnist ljóðum eftir íslenska höfunda frá ýmsum tímum• þekki hugtökin rím, ljóðstafi, líkingar og persónugervingar• skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang• þjálfist í að skrifa stuttan texta eftir ákveðnum fyrirmælum• þekki hugtökin, upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum• þjálfist í staðreyndaritun, t.d. geri úrdrætti• læri stafsetningarreglur og get nýtt sér þær við ritun• geti skrifað upp réttan texta eftir bók og upplestri• þekki nafnorð (sérnöfn, samnöfn, kyn og tölu) og geti fallbeygt þau• þekki lýsingarorð, föll þeirra og fallbeygingu og geti stigbreytt þau• þekki sagnorð, hjálparorðið að, nafnhátt sagna, nútíð þeirra og þátíð• þekki samheiti og andheiti• þekki málshætti og föst orðasambönd í mæltu og rituðu máli á réttan hátt
--	---

Námsmat

Reglulegar kannanir og stærri próf í lok annar. Lestrarpróf þrisvar yfir skólaárið. Lesskilningspróf. Nemendur skila skriflegum verkefnum.



Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Kennarar: Sara Helgadóttir og Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Geisli 2A og 2B grunnbækur og vinnubækur; *Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Guðrún Angantýsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir*, ýmsar aðrar námsbækur nýttar eftir þörfum.

Kennsluaðferðir

Nemendur vinna í Geisla 2A og 2B – grunnbókum. Spjaldtölvan notuð samhliða öðrum námsgögnum, t.d. ýmis forrit, rasmus.is og aðrir stærðfræðivefir. Vinnubækur sem fylgja grunnbók eru notaðar sem heimanám. Hver nemandi vinnur á sínum hraða. Samvinna og einstaklingsvinna.

Áætlun

Efnisþættir	Nám sviðmið Nemandinn:
Tölur, reikniaðgerðirnar fjórar, almenn brot, tölfræði og líkur, meðaltal og miðgildi, tugabrot, þrívídd, mynstur og algebra, rökhugsun.	<ul style="list-style-type: none">• öðlist skilning, kunnáttu og færni sem nýtist þeim í daglega lífinu• þjálfist í að beita hinum ýmsu reikniaðgerðum og geti notað þær við að leysa ólík verkefni• þjálfist í að nota fleiri en eina leið við útreikninga og geti fært rök fyrir máli sínu• vinni með neikvæðar tölur, gráður og horn, formskynjun, hlutföll, almenn brot, tugabrot, mynstur og algebra, meðaltal• geti lesið úr töflum og myndritum



Námsmat

Kannanir úr völdum köflum, próf í lok hvorrar annar og vinnusemi.

Enska

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennarar: Sara Helgadóttir og Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Hickory, Jan Sundström og Liber AB, Dickory, Jan Sundström, Ann Robinson- Ahlgreen og Liber AB og Dock, Jan Sundström og Ann Robinson- Ahlgren. Ready for Action, Björg Jónsdóttir og Erla Björk Pálsdóttir, ljósrituð málfræðiverkefni.

Kennsluaðferðir

Lestur, hlustun, ritun, málfræði, þýðingar og sögugerð. Notkun spjaldtölva, t.d. orðabók, ýmis forrit og ritunarverkefni.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Lesið og talað mál, málfræði og orðaforði.	<ul style="list-style-type: none">• öðlist meiri skilning á enskri tungu, bæði tal, ritmáli og hlustun• geti unnið markvisst með orðaforða og læri að tjá sig með einföldum setningum• skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku• læri nokkrar grundvallarreglur í málfræði• skilji texta af margvíslegri gerð



	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið og skrifað einfaldan texta• þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu• séu færir um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar á ensku
--	--

Námsmat

Kannanir á hvorri önn.

Samfélagsfræði

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir

Kennarar: Sara Helgadóttir og Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Fyrir áramót: Landfræði; Norðurlöndin, *Kristín Snæland*. Valdir kaflar úr vinnubók. Einnig læra nemendur á Keynote og útbúa kynningar á löndunum í hópum.

Eftir áramót: Saga; Snorri Sturluson, Þórarinn Eldjárn. Nemendur læra á forritið Comic Life og gera myndasögur.

Í trúarbragðafræði er stuðst við kennslubókina; Kristín trú, *Magnea Sverrisdóttir og Sigrún Björk Cortes*.

Lífsleikni: Ég, þú og við öll – sögur og staðreyndir um jafnrétti, *Kolbrún Anna Björnsdóttir og Fatima Hossaini*. Lífsleikni – sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd, handbók fyrir kennara og foreldra, *Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson*.



Kennsluaðferðir

Norðurlönd: Farið verður saman yfir viðfangsefnin í skólanum með fjölbreyttum verkefnum, ýmist unnin sem einstaklings- eða hópverkefni. Spjaldtölvur spila stórt hlutverk í verkefnavinnunni. Má þar nefna forrit eins og Keynote, Popplet og Google Earth. Nemendur kynna valin verkefni.

Snorri Sturluson: Nemendur lesa eða hlusta á kaflana og vinna verkefni í tímum. Þeir útbúa vinnubók eftir matsblaði frá kennara. Nemendur búa til myndasögur/kvikmynd í spjaldtölvum. Hver hópur fær úthlutað einum kafla sögunnar til að vinna með.

Kristinfræði: Lestur, skrifleg verkefni og umræður út frá efni. Unnið í lotum.

Lífsleikni: Nemendur kynnast í gegnum námsefni ólíkum einstaklingum í grunnskóla og læra þannig um gildi hvers og eins. Lestur, umræður og áhorf myndefnis. Bekkjarfundir, kynjaskiptir fundir og hópeflisleikir til að efla jákvæð samskipti og bekkjarbrag. Skólahjúkrunarfræðingurinn kemur í tíma og ræðir kynþroskann.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
<p>Landafræði: Norðurlöndin – almenni hlutinn, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Danmörk, Grænland og Færeyjar.</p> <p>Saga: Snorri Sturluson, mannlíf á miðöldum.</p> <p>Trúarbragðafræði: Siðfræði, biblíusögur</p>	<ul style="list-style-type: none">• læri að nota landakort, þekki m.a. bauganet jarðar• þjálfist í hópavinnu og framsögn• læri á Keynote, Google Earth o.fl. <ul style="list-style-type: none">• kynnist fjölbreyttum þáttum og menningu á miðöldum• fræðist um þekktar persónur frá miðöldum, einkum Snorra Sturluson <ul style="list-style-type: none">• fræðist um kristna trú• öðlist skilning á kristilegum siðaboðskap og viðhorfum• átti sig á mikilvægi þess að virða aðra og að allir séu jafnir



Lífsleikni: Umræður um samskipti, jafnrétti, kynþroskann og fleira.	<ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti• verði meðvitaður um gildi jafnréttis• geti fundið leikreglur þar sem jafnréttis er gætt, þjálfist í að vega og meta aðstæður og taka sjálfstæða ákvörðun• átti sig á gildi hirðusemi um líkama sinn, eigin eigur og annarra• átti sig að fjölbreytileiki í mannlífi er eðlilegur• þjálfist í glósutækni
---	--

Námsmat

Landafræði: Norðurlöndin: Próf úr almenna hlutanum úr Norðurlandabókinni. Spjaldtölvuverkefni og verkleg hópavinna metin. **Saga:** Snorri Sturluson: Vinnubók sem nemendur útbúa, próf og önnur verkefni metin til einkunna. Í **trúarbragðafræði** og **lífsleikni** fer ekki fram námsmat.

Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennarar: Sara Helgadóttir og Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Nemendur vinna samþætt verkefni um hvali.

Auðvitað – Jörð í alheimi; *Helgi Grímsson*, Maðurinn – hugur og heilsa; *Lisa Bjarbo*. Þýdd og staðfærð af Erni Thorlacius. Samþætt verkefni í íslensku og náttúrufræði.

Kennsluaðferðir

Hvalaverkefnið er unnið samhliða hvalakaflanum í Geisla 1A í stærðfræði. Einnig er það samþætt við íslensku. Hvalaverkefnið er tvískipt. Annars vegar útbúa nemendur bækur um ákveðna hvali eftir fyrirmælum. Kennari fer yfir og leiðbeinir. Þetta verkefni er einstaklingsvinna og er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð. Hins vegar mála nemendur hvali í ákveðnum hlutföllum í hópavinnu.



.Auðvitað – Jörð í alheimi: námsefnið lesið saman í tímum og heima. Umræður í tímum og spurningum svarað. Spaldtölvur notaðar við verkefnavinnu.

Maðurinn: eftir áramót læra nemendur um mannlíkamann. Unnið er með námsbókina og vinnubókina. Lesið í tímum og heima. Nemendur læra að gera hugtakakort og sjá myndbönd sem tengjast efninu. Nemendur gera í hópum stórt verkefni um líkamann. Spaldtölvur notaðar í verkefnavinnu.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hvalir: almennt um hvali, skíðishvalir, tannhvalir, steypireyður, búrhvalur, háhyrningur, hnísa, mjaldur Auðvitað: alheimurinn, landmótun, hafið, lofthjúpurinn og veðrið.	<ul style="list-style-type: none">• fræðist um hvali og í hvaða tegundir þeir flokkast• geti rýnt í heimildir, metið texta og áttað sig á aðalatriðunum• temji sér vönduð vinnubrögð• geti unnið í hóp, virt skoðanir annarra og tamið sér gott skipulag við verkskiptingu <ul style="list-style-type: none">• kynnist alheiminum, sólkerfinu og jörðinni• kynnist jarðsögunni, myndun og mótun Íslands• kynnist hafinu, lofthjúpnum og veðrinu• kynnist vísindalegum vinnubrögðum• framkvæmi tilraunir tengdar efninu• skrái ferli tilrauna á skipulegan hátt



Maðurinn: líkaminn (blóðrásin, beinagrind, innri líffæri, auga, eyra, tunga, nef og húð).	<ul style="list-style-type: none">• geti fundið heimildir um líkamann á veraldarvefnum og í bókum• fræðist um mannlíkamann
---	---

Námsmat

Bók um hvali metin eftir ákveðnu matsblaði og hópavinnan er metin á móti. Nemendur fylla út sjálfsmat. Kannanir úr Auðvitað bókinni. Regluleg próf um mannlíkamann og verkleg hópavinna metin til einkunna, einnig fer fram jafningjamat.

Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 stundir

Kennari: Lýður Vignisson, Davíð Ketilsson, María Málfríður Guðnadóttir og Lilja Íris Gunnarsdóttir

Námsefni

Kennsluaðferðir

Íþrótt- og sundkennslan byggist á að efla líkams- og félagsþroska barna. Hreyfipörf barna er mikil og í íþrótt- og sundtímum fá þau útrás fyrir hreyfipörfinni, tjáningu og sköpun. Eitt aðalmarkmið íþrótt- og sundkennslu er að auka þol, kraft, snerpu og liðleika og verður það gert með almennri hreyfipjálfun með áherslu á leiki, stöðvaþjálfun, hringþjálfun og hreyfitjáningu með dansi. Taka þátt í knattleikjum og kynnast helstu reglum. Lítillega er unnið í grunnæfingum fyrir þol- og styrktarþjálfun og er aðallega unnið að því að nemendur tileinki sér rétta tækni. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum þar sem farið er yfir mikilvægi þess. Mikilvægt er að allir fari í sturtu eftir hvern tíma.



Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
<p>Íþróttir:</p> <p>Barnaleikir</p> <p>Grunnþjálfun</p> <p>Fimleikar</p> <p>Frjálsar íþróttir</p> <p>Knattleikir</p> <p>Badminton</p> <p>Dans</p> <p>Útikennsla</p> <p>Sund:</p> <p>flot á kvið og baki, rennsli á kvið og baki</p> <p>öndunar- og taktæfingar</p> <p>bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund og flugsundsfótatök</p> <p>marvaði, köfun og undirbúningur fyrir björgunarsund</p> <p>stunga frá bakka og kafsund</p>	<ul style="list-style-type: none">• efli líkams- og félagsþroska.• auki þol, kraft, snerpu og liðleika.• efli tjáningu og sköpun.• efli grunntækni. <ul style="list-style-type: none">• geti synt 200 metra viðstöðulaust bringusund• geti synt 50 metra skólabaksund• geti synt 25 metra skriðsund• geti synt 25 metra baksund• geti synt 25 metra bringusund innan 35 sekúndna• geti synt 15 metra björgunarsund (skólabaksundsfótatök)• geti synt 10 metra flugsund með eða án sundfita• geti kafað 8 metra



Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni 50%: liðleiki , kraftur (langstökk án atrenu), hraði (20 m sprettur), samhæfing (sippa í 1 mín) og þol (píptest). Námsmat sem byggist á símati kennara allan veturinn 50%: virkni, áhugi , framkoma. Lokaeinkunn: sundstigi lokið eða ólokið.

Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: Eftir þörfum árgangs

Kennari: Ragnheiður Líney Pálsdóttir og aðrir kennarar

Námsefni

Office pakinn, GAFE, myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, netið og fleiri forrit sem henta nemanda hverju sinni

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Nemendur eru virkir þátttakendur í vali verkefna þar sem reynir á nýsköpun og hugmyndaflug.



Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms• geti nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag• sýni frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn• geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði• beiti undirstöðuatriðum í fingrasetningum.• geti leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu• nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni• geti unnið með heimildir• nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna• noti hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum• geti notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna• geti notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu• nýti hugbúnað við einfalda vefsmíð• geti lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi• noti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt• sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga



- geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra

Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku

Kennari: Hulda Hallgrímsdóttir

Námsefni

Aðallega er stuðst við efni frá kennara. Hannyrðir í 3-6.bekk eftir Hilikka Halme, Kaisa Vuoria, Liisa Bask og Hanna Wennervita. Á þrjónunum eftir Unni Breiðfjörð. Einnig er stuðst við erlend hannyrða- og textílbækur og blöð.



Kennsluaðferðir

Við innlögn verkefna er notast við útlistunarkennslu og síðan einstaklings innlögn. Einnig er notuð bein kennsla með áherslu á að virkja og skapandi hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Aðferðir	<ul style="list-style-type: none">• geti þrætt saumavélar
Áhöld	<ul style="list-style-type: none">• geti þekkt eiginleika saumavélar
Efnisfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið eftir leiðbeiningum
Fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none">• geti skreytt eigið textílverk
Snið	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið textílverk til hagnýtingar
Uppskriftir	<ul style="list-style-type: none">• geti komið auga á fegurð í eigin verkum
Hugmyndir	<ul style="list-style-type: none">• geti notað internetið til að afla upplýsinga
Ferlar	<ul style="list-style-type: none">• geti áttað sig á náttúruafni og gervi
Skreytingar	<ul style="list-style-type: none">• geti sett textíl í sögulegt samhengi
Hagnýting	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt gömul textílverk til endurnýtingar
Fagurfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti breytt gömlum textíl í ný
Upplýsingar	
Hráefni	
Saga	
Sjálfbærni	
Náttúra	
Gervi	
Samfélag	
Endurnýting	



Námsmat

Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á vinnusemi, áhuga, framkomu og hvernig nemandi fylgir fyrirmælum.

Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Kennari: Sigríður G. Valdimarsdóttir

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum *Myndmennt 1 og 2*, höfundar Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu notum við ýmsar listaverkabækur, netsíður, barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlistunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslu á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.



Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Sköpun Skoðanir Tilfinningar Reynsla Hugmynd Listsköpun Hugmyndavinna Ímyndun Rannsókn Hugtök Aðferðir Samtal Stefnur Stílar Greining Myndmál Tilgangur	<ul style="list-style-type: none">• geti á skipulagðan hátt unnið með ólík efni og verkfæri við sköpun sína• geti unnið með ólíkar aðferðir við myndsköpun sína.• geti sýnt ólíkar tilfinningar í myndgerð sinni• geti komið hugmynd sinni í skissuform á leið sinni í að útfæra lokaverk• geti unnið með ímyndun og reynslu við listsköpun sína• geti notað hugtök og heiti í samtölum sínum við vinnu sína• geti tekið þátt í samtali um ólíkar stefnum og stíla í tengslum við verkefni

Námsmat

Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum og hvernig framkomu hann sýnir í kennslustundunum . Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.



Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: 2 (hálfan vetur)

Kennari: Davíð Ketilsson

Námsefni

Verkefna og hugmyndablöð, fagbækur, handverkfæri, mælitæki, smíðaeefni og efni til yfirborðsmeðhöndlunar.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla. Kennslan er einstaklingsmiðuð. Nemendur safna hugmyndum og gögnum í verkefnamöppu.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hönnun Tré Málmur Plast Handverkfæri Efnisnýting Meðferð yfirborðsefna Umgengni	<ul style="list-style-type: none">• geti greint þarfir í umhverfi sínu, rætt mögulegar lausnir og útfærslu að verkefni• geti dregið upp mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni• geti valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum• þekki helstu smíðaeefni, uppruna og notagildi þeirra.• geti valið og notað á réttan hátt vélar, handverkfæri og mælitæki sem hæfa hverju verkefni.• geti notað samsetningar s.s. lím, nagla og skrúfur.• geti hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa• verði meðvitaður um hættuleg efni, efnisnýtingu og endurvinnslu



	<ul style="list-style-type: none">• geti útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað• geti sýnt vinnufélögum tillitsemi og sé meðvitaður um góða umgengni
--	--

Námsmat

Símat með áherslu á: Hugmynd og hönnun, iðni og afköst, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, verkefnamöppu.

Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Erla Sigurbjartsdóttir.

Námsefni

6. bekkur : Gott og gagnlegt 2 ásamt ljósritum úr möppunni Ég er það sem ég vel.

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins og fer yfir það á töflu og skjávarpa þar sem uppskrift er. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp en það fer eftir hvert verkefnið er. Ef vinna á í vinnubók líka fer kennari yfir þær blaðsíður og útskýrir fyrir nemendum. Nemendur byrja síðan sína vinnu og kennari gengur á milli hópa og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum.



Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Heilsa og lífstíll Fæðuhringurinn Næringarfræði Hreinlæti/tiltekt Neytendavernd Helstu hráefni Læsi á uppskriftir Áhöld/mælitæki Vinnubrögð/leikni Samvinna Slysaætta og öryggisatriði heimila Upplýsingamiðlar Sjálfbærni Flokkun Matarmenning	<ul style="list-style-type: none">• fræðist um að svefn, hreyfing og mataræði séu mikilvægir þættir í heilbrigðum lífstíll• þekki flokka fæðuhringansins og mikilvægi þeirra• Nemandi þekki orkuefnin 3 sem eru fita, kolvetni og prótein og hlutverk þeirra• þekki orkueininguna sem notuð er í daglegu tali þ.e.a.s kcal• þekki helstu vítamínin og skiptingu þeirra í vatnsleysanleg og fituleysanleg• læri að að verkaskipting á heimilum er nauðsynleg• læri og þekki til almennra þrifa á heimilum með áherslu á þrif á ísskáp og eldavél• lærir hvað sé góður uppþvottur og hvernig verklag er á honum• lærir um tiltekt í eigin herbergi• þjálfist í að þekkja helstu hráefni sem notuð eru í bakstri og við eldamennsku• þjálfist í að lesa uppskriftir af blaði og geti minnkað og stækkað uppskriftir• þekki helstu áhöld og mælitæki sem notuð eru við eldhússtörf• þjálfist í að flysja, rífa, saxa, skera og sjóða• þjálfist í að vinna sjálfstætt við verkefni• lærir að vinna með öðrum og að samvinna sé mikilvæg



	<ul style="list-style-type: none">• lærir um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir slys á heimilum• lærir að lesa úr næringarefnaöflu• lærir að fletta upp uppskriftum í bókum og á neti• lærir hvernig á flokka sorp• fræðist um endurvinnslu og endurvinnslumerki• fræðist um lífræna flokkun• lærir um helstu hátíðisdaga íslendinga og gamlar matarhefðir og matarmenningu• lærir að temja sér góða borðsiði
--	---

Námsmat

Símat allan veturinn þar sem metnir verða þættirnir: Vinnubrögð/leikni nemanda, samvinna nemanda við aðra, sjálfstæði í vinnubrögðum, framkoma og hegðun, frágangur og þrif, verkefnabók metin.

Tónmennt

Tímafjöldi á viku: 2

Kennari: Ívar Sigurbergsson

Námsefni

- Námsvefurinn Landafræði tónlistarinnar eftir Ívar Sigurbergsson.
- Sérinnið efni á lausum blöðum sem nemendur halda til haga í vinnubókum.
- Ýmis mynd- og hljóðvinnsluforrit.

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á vaxandi skilning nemenda á sögulegu og samfélagslegu hlutverki tónlistar og að nemendur semji, spinni, útsetji og geti nýti sér í auknum mæli skráningu og hljóðritun til að geyma eigin tónverk.



Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hlustun Sköpun Flutningur Tónlistarsaga	<ul style="list-style-type: none">• geti greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun• geti greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana• geti greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni• beiti eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra• noti einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk• taki þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það• geti greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun• geti greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana

Námsmat

Umsögn verður gefin fyrir virkni í tímum og áhuga. Verkefni nemenda eru metin.